

Umsögn skipulagsfulltrúa – Grandavegur 37

Lögð fram fyrirspurn Karvels Ögmundssonar, dags. 22. maí 2024, um að setja innkeyrslu á lóð nr. 37 við Grandaveg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd, tekin af Já.is. Búið er að afmá fólk.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir Grandavegur 37 borgarhluta 1 Vesturbær og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB5 Grandi.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 27. desember 1985.

Umsögn

Óskað er eftir því að fá að gera innkeyrslu og bílastæði á lóðinni að Grandavegi 37. Áður hefur verið óskað eftir því að fá innkeyrslu og tvö bílastæði á lóðinni, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Neikvætt var tekið í það erindi sbr. umsögn dags. 13. mars 2020. Til þess að hægt sé að koma innkeyrslunni og bílastæði fyrir inni á lóð tapast að minnsta kosti eitt bílastæði í götu. Fordæmi eru fyrir því að heimila innkeyrslur og bílastæði á lóð á þessu svæði og því ekki gerð skipulagsleg athugasemd við það.

Skoða þarf hvort að breyta þurfi lóðamörkum til þess að hægt sé að koma stæðinu fyrir. Í dag er sorp staðsett á borgarlandi sem er ekki heimilt, og því þarf breyta lóðarmörkum eða færa sorp innan lóðar.

Niðurstaða

- ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað.
- færa þarf sorp innan lóðar eða óska eftir lóðarstækkun.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar, verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.